


STEFNUMÓTUN Í FERÐAÞJÓNUSTU

Framkvæmdaáætlun

Sjálfbær ferðaþjónusta

Tillögur starfshóps samgönguráðherra



amazing
ICELAND

Janúar 1998

**Sjálfbær ferðamennska og umhverfisvernd
Framkvæmdaáætlun**

Starfshópur um sjálfbæra ferðamennsku og umhverfisvernd

Coopers & Lybrand - Hagvangur hf

Samgönguráðuneytið

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	4
1.1	SJÁLFBÆR FERÐAÞJÓNUSTA.....	5
2	STEFNUMÓTUN SAMGÖNGURÁÐHERRA	6
2.1	STEFNUMÓTUN	6
2.2	MARKMIÐ OG LEIÐIR	6
3	SJÁLFBÆR FERÐAMENNSKA OG UMHVERFISVERND	8
3.1	HVAÐ ER SJÁLFBÆR FERÐAMENNSKA OG UMHVERFISVERND.....	8
3.2	SKILGREININGAR	10
3.3	HUGMYNDAFRÆÐI SJÁLFBÆRRAR ÞRÓUNNAR	11
3.3.1	<i>Nokkrar staðreyndir</i>	11
3.3.2	<i>Hugmyndafræðin í hnotskurn</i>	12
3.4	HELSTU HUGTÖK OG ÁHERSLUPUNKTAR "SJÁLFBÆRRA" OG "VISTVÆNNA" FERÐAMÁLA:.....	14
3.5	GRUNDVALLARMUNUR SJÁLFBÆRRAR OG ÓSJÁLFBÆRRAR FERÐAÞJÓNUSTU.....	16
4	FRAMKVÆMDAÁÆTLUN	17
4.1	ÍSLAND NÁI SÉRSTÖÐU Á SVIÐI UMHVERFISMÁLA	17
4.2	FERÐAMENNSKA VERÐI NÝTT SEM AFL TIL VERNDUNAR AUÐLINDUM.	18
4.3	STUÐLAÐ VERÐI AÐ FRÆÐSLU OG AUKINNI UMHVERFISVITUND.....	22
4.4	SAMÞETTA ÞARF FERÐAÞJÓNUSTU OG NÁTTÚRUVERND	23
4.5	FRAMKVÆMD LAGA OG REGLUGERÐA VERÐI VIRK	24
4.6	GOTT AÐGENGI FYRIR FATLAÐA VERÐI SEM VÍÐAST	25
5	NIÐURLAG	26
6	VIÐAUKI I	27
6.1	AUÐLINDIR SKILGREINDAR OG KORTLAGÐAR, GERÐAR VERÐI RANNSÓKNIR Á STÖÐU ÞEIRRA . 27	
6.1.1	<i>Skilgreiningar</i>	27
6.1.2	<i>Náttúrulegar auðlindir Íslands</i>	27
6.1.3	<i>Manngerðar auðlindir</i>	28
6.1.4	<i>Rannsóknir á stöðu auðlinda</i>	28
7	VIÐAUKI II	29
7.1	SÉRSTAÐA ÍSLANDS Á SVIÐI UMHVERFISMÁLA - STYRKUR Í MARKAÐSSETNINGU	29

1 Inngangur

Framkvæmdaáætlun sú sem hér lítur dagsins ljós er unnin til að framfylgja stefnumótun í ferðaþjónustu sem gerð var að frumkvæði Halldórs Blöndal samgönguráðherra og margir einstaklingar innan greinarinnar komu að. Stefnumótunin var kynnt á vordögum 1996 og í henni kom fram m.a. að "ferðaþjónusta í anda sjálfbærrar þróunar" yrði eflað og að stefnt skyldi að því að "Ísland gegndi forystuhlutverki á sviði umhverfisverndar".

Um markmið og leiðir segir jafnframt að stuðlað skuli að "fræðslu um umgengni við náttúru landsins og hvetja til aukinnar ábyrgðar og umhverfisvitundar ferðamanna, skipuleggjenda og þjónustuaðila í ferðaþjónustu."

Með þetta að leiðarljósi var starfshópur settur á laggirnar síðla árs 1996 og var hlutverk hans að gera áætlun um það hvernig framkvæma skuli fyrirheit stefnumótunarinnar.

Eftirtaldir skipuðu þann hóp:

Helga Haraldsdóttir, Ferðamálaráð Íslands, formaður
Arnar Már Ólafsson, ferðamálafræðingur
Bjarni I. Árnason, Sambandi veitinga- og gistihúsa
Hörður Sigurbjarnarson, framkvæmdastjóri Norðursiglingar.
Ingiveig Gunnarsdóttir, leiðsögumaður og framkvæmdastjóri Landnámu ehf.
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ármanni Kr. Ólafssyni aðstoðarmanni ráðherra falin umsjón með gerð framkvæmdaáætlana ráðuneytisins og fékk hann ráðgjafafyrirtækið Hagvang hf. til að halda utan um vinnu hópsins sem og annarra starfshópa vegna nýrrar ferðamálastefnu. Fulltrúi Hagvangs var Kristófer Oliverson.

Í tengslum við vinnu starfshópsins hefur verið leitað til margra aðila um ráð og upplýsingar. Vinnsla skýrslunnar var einkum í höndum Helgu Haraldsdóttir og Ingiveigar Gunnarsdóttir. Í starfi hópsins var nokkuð stuðst við þau gögn og þá vinnu sem liggur að baki stefnumótuninni sem kynnt var 1996, t.d. samantekt Sigríðar Þrúðar Stefánsdóttur ferðamálafræðings um sjálfbæra ferðamennsku.

Við gerð framkvæmdaáætlunarinnar var oft úr vöndu að ráða því skoðanir voru mjög skiptar og erfitt reyndist að ná niðurstöðu. Bæði er að málaflokkurinn er mjög viðamikill og huglægur því umhverfismál snerta allt okkar líf og viðhorf til tilverunnar. Í annan stað ber að hafa í huga að þróun og umræða um umhverfismál fleygir fram nú á síðustu árum. Sem dæmi má nefna nýafstaðna ráðstefnu í Kyoto þar sem ýmsar upplýsingar komu fram sem gagnlegt hefði verið að hafa til hliðsjónar við þessa vinnu.

1.1 Sjálfbær ferðaþjónusta

Í Ríó yfirlýsingunni, sem samþykkt var á ráðstefnunni í Ríó 1992 og sem Íslendingar eiga aðild að, er fjallað um nokkrar grundvallarreglur í leið að sjálfbærri þróun. Í framkvæmdaáætlun ráðstefnunnar, Agenda 21 eða Dagskrá 21, segir m.a. " Ríkisstjórnir í samvinnu við alþjóðastofnanir, þar sem það á við, skulu gera sér áætlun um sjálfbæra þróun viðkomandi ríkis. Markmiðið ætti að vera það að tryggja félagslega ábyrga efnahagsþróun jafnframt því að vernda auðlindir og umhverfi sem við skilum í hendur komandi kynslóðum. "

Við gerð þeirrar framkvæmdaáætlunar er hér birtist var þetta m.a. haft að leiðarljósi ásamt þeirri hugmyndafræði er felst í sjálfbærri þróun í ferðamennsku.

Ferðalög okkar í hinum iðnvædda heimi hafa hrundið af stað miklum breytingum á umhverfi okkar. Fjölsóttir ferðamannastaðir hafa látið á sjá og ekki lengur þótt áhugaverðir fyrir ferðamenn. Sem dæmi má nefna vinsælar baðstrendur við Miðjarðarhafið þar sem víða hefur orðið hrun á ferðaþjónustu af völdum mengunar. Ríki sem þar eiga hagsmuna að gæta hafa hrundið af stað umhverfisátaki til þess stemma stigu við slíkri þróun til framtíðar. Hvatinn til breyttra viðhorfa og grænnar ferðamennsku sprettur því úr jarðvegi þeirra þjóða sem vita af fenginni reynslu að aðgerða er þörf.

Græn eða sjálfbær ferðaþjónusta gerir mönnum kleift að nýta landið í atvinnuskyni með hámarksarðsemi atvinnugreinarinnar að markmiði um leið og þess er gætt að náttúra og umhverfi beri ekki skaða af og komandi kynslóðir fái notið sömu gæða.

Ferðaþjónusta sem stuðlar að sjálfbærri þróun byggir á lágmarksröskun umhverfis um leið og ferðamönnum gefst kostur á að njóta náttúru landsins og menningarverðmæta. Um er að ræða samspil þriggja grunnþátta: náttúru, ferðamanns og gestgjafa.

Ferðamenn vilja njóta óspilltrar náttúru og Ísland er eitt þeirra fáu landa í heiminum sem búa yfir þessari auðlind í ríkum mæli. Því er mikilvægt að þeir sem stunda ferðaþjónustu reki hana í takt við umhverfi sitt og gæti þess í allri starfsemi að nýta hana skynsamlega en ofbjóða henni ekki.

Sjálfbær ferðaþjónusta felur einnig í sér að styrkja menningarsamfélög á þann hátt að vekja athygli ferðamannsins á sérstæðri menningu og sögu viðkomandi þjóðar. Þar á Ísland einnig verðmæta auðlind sem hægt er að nýta betur fyrir ferðaþjónustuna.

Þrátt fyrir stórbættan aðgang ferðaþjónustunnar hér á landi að rannsóknum skortir enn rannsóknir er skýra álagspól lands með umferð ferðamanna í huga. Mikið álag á lítið svæði hlýtur að segja til sín er fram í sækir ef ekkert er að gert.

Finna þarf jafnvægi milli þarfa ferðamanna, umhverfis og gestgjafa. Leið til þess er að tileinka sér sjálfbæra þróun í ferðamennsku.

2 Stefnumótun samgönguráðherra

2.1 Stefnumótun

Í stefnumótun samgönguráðherra í ferðaþjónustu er eftirfarandi stefnumörkun sett fram um sjálfbæra ferðamennsku og umhverfisvernd:

Ferðaþjónusta í anda sjálfbærrar þróunar verði esld, þannig að hér á landi verði rekin ferðamennska í sátt við land og þjóð. Stefnt skal að því að Ísland gegni forystuhlutverki á sviði umhverfisverndar. Tryggður verði frjáls aðgangur ferðamanna að öllu landinu en þess jafnframt gætt að rekstur og uppbygging á ferðamannastöðum spilli ekki náttúru landsins og umhverfi og að ferðamenn dreifist um landið til að minnka álag á einstaka staði.

2.2 Markmið og leiðir

Í stefnumótun samgönguráðherra voru, auk ofangreindrar stefnumörkunar, sett fram eftirfarandi markmið og leiðir sem starfshópurinn hefur haft að leiðarljósi við vinnu sína. Tillögur að framkvæmdaáætlun er síðan að finna í fjórða kafla.

Ísland nái sérstöðu á sviði umhverfismála.

- Skipulega skal vinna að því að markaðssetja landið sem hreint og ómengað ferðamannaland.

Ferðamennska verði nýtt sem afl til verndunar auðlindum og viðhalds náttúrulegs umhverfis. Einnig verði menning og arfleifð þjóðarinnar nýtt á arðvænlegan hátt.

- Skipaður verði vinnuhópur til að beita sér fyrir að auðlindir ferðaþjónustu verði skilgreindar og kortlagðar, jafnt náttúrulegar sem menningarlegar, og gerðar verði rannsóknir á stöðu þeirra með tilliti til jákvæðra og neikvæðra áhrifa.
- Stórauka þarf fræðslu og upplýsingar um samspil ferðamennsku og umhverfis, verndun og uppbyggingu á náttúrulegum og menningarlegum auðlindum og veita upplýsingar um ástand mála í þessum efnum.
- Stjórnvöld hafi eftirlit með skipulagi og uppbyggingu ferðamannastaða.
- Með rannsóknarverkefnum sem tengjast náttúruvernd og álagi á ferðamannastaði, sem ná yfir ákveðin árabil, verði hægt að fylgjast með því hvort atvinnugreinin sé á réttri leið í uppbyggingu þeirra og umhverfisvernd.

Stuðlað verði að fræðslu um umgengni við náttúru landsins og hvatt til aukinnar ábyrgðar og umhverfisvitundar ferðamanna, skipuleggjenda og þjónustuaðila í ferðaþjónustu.

- Ferðaþjónusta á Íslandi taki forystu á sviði umhverfismála á Íslandi að því leyti að hún verði öðrum atvinnugreinum fyrirmynd. Til að stuðla að breyttu hugarfari almennings og innan atvinnugreinarinnar skal, á árinu 1997, skipuleggja og standa fyrir varanlegu "þjóðarátaki í umhverfisvernd" í tengslum við ferðaþjónustu með víðtækri þátttöku fyrirtækja og stofnana.
- Auka skal umhverfisfræðslu til almennings á Íslandi. Gefa skal út bækling með "umhverfisreglum" á íslensku og erlendum tungumálum og dreifa honum markvisst meðal Íslendinga og gesta á landinu. Í bæklingi þessum skal einnig tekið tillit til hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Fyrsta útgáfa skal koma út árið 1997.

Samþætta ferðaþjónustu og náttúruvernd. Við skipulagningu á dreifingu ferðamanna milli áhugaverðra staða verði náttúruverndarsjónarmið í heiðri höfð.

- Vegakerfið verði bætt, svo auðveldara verði að dreifa ferðamönnum á milli áhugaverðra staða. Í samráði við Vegagerðina verði skilgreint hvar meginvegir muni liggja í framtíðinni. Vegir þjóni sem best hagsmunum vegfarandans, falli sem best að landinu og valdi sem minnstum umhverfisspjöllum.
- Samgönguráðuneytið hafi forgöngu um gerð framkvæmdaáætlunar til fjögurra ára um forvarnaraðgerðir vegna umferðar ferðamanna og úrbætur á ferðamannastöðum.

Framkvæmd laga og reglugerða um umhverfisvernd og umgengni við landið verði virk og nýjar reglur settar ef þörf krefur.

- Stjórnvöld hafi forgöngu um að setja skýrari reglur um umferð vélknúinna ökutækja, þannig að hún spilli ekki jarðvegi, gróðri og friðsæld.
- Sveitarfélög geri enn frekara átak varðandi förgun úrgangs. Einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir verði hvött til að framfylgja settum reglum um meðferð og förgun úrgangs í þeim tilgangi að bæta og fegra umhverfi heimila og fyrirtækja.

Gott aðgengi fyrir fatlaða verði sem víðast

- Við úrbætur og uppbyggingu á ferðamannastöðum skal gert ráð fyrir fötluðum ferðamönnum, eftir því sem framast er unnt.

3 Sjálfbær ferðamennska og umhverfisvernd

3.1 Hvað er sjálfbær ferðamennska og umhverfisvernd

Sjálfbær ferðaþjónusta er ekki ein sérstök tegund ferðaþjónustu. Hér er um nýjan hugsunarhátt að ræða sem kallar á ný viðhorf og nýja starfshætti. Það er lögð áhersla á skipulag og stjórnun og samhæfingu ferðamennsku og verndun umhverfis.

Ferðaþjónustuaðilar eru kallaðir til ábyrgðar á eigin athöfnum. Til þess er mælt að tekinn sé virkari þáttur í verndun auðlinda með umhverfisvænni starfsháttum og framboði öðruvísi ferða en tíðkast hefur hingað til. Hugmyndafræðin ber einnig boðskap til ferðamanna og hvetur þá til umhverfisvænna athafna.

Aðráttarafl Íslands sem ferðamannalands byggist á óvenjulegri náttúru landsins, andstæðum elds og íss og sérstöðu okkar sem eyþjóðar í norðurhöfum. Þeir erlendur ferðamenn sem hingað koma meta náttúru landsins mest og svipað gildir um þá fjölmörgu Íslendinga sem ferðast um eigið land. Ósnortin náttúra, víðátta og ferskt loft er meðal þess sem sótt er í.

Eitt helsta vandamál íslenskrar ferðaþjónustu er ójöfn dreifing ferðamanna um landið og yfir árið. Rúmlega helmingur allra erlendra ferðamanna koma í júní, júlí og ágúst. Viðleitni til lengingar ferðamannatímans hefur að mestu skilað sér á höfuðborgarsvæðinu.

Uppbygging ferðaþjónustu á Íslandi hefur verið hröð og nú er ferðaþjónusta annar stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar í öflun gjaldeyris. Áhrif á menningu og samfélag í heild hafa lítt verið rannsökuð en áhrif ferðamennsku á náttúrulegt umhverfi á fjölsóttum ferðamannastöðum eru skýr. Vaxandi fjöldi ferðamanna veldur því vinna þarf markvisst að verndun á náttúrulegu umhverfi og uppbyggingu á fjölsóttum ferðamannastöðum sem miða að því að auka álagsþol þeirra. Á næstu árum er stefnt að verulegri aukningu í komum erlendra ferðamanna til landsins auk þess sem Íslendingar eru hvattir til þess að ferðast um eigið land. Kannanir sýna að flestir ferðamenn koma hingað vegna einstakrar náttúru landsins. Ef við göngum á þá auðlind mun slíkt til lengri tíma litið draga úr aðráttarafli Íslands sem ferðamannalands.

Það er niðurstaða þessarar greinargerðar að við gerð stefnumótunar í íslenskri ferðaþjónustu skuli taka mið af hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Með því er átt við að með verndun og viðhaldi á auðlindum íslenskrar ferðaþjónustu geti greinin byggst upp á heilbrigðan hátt og um ókomna framtíð. Það eitt að stefnumótun líti dagsins ljós og verði framfylgt mun stuðla að markvissari skipulagningu og uppbyggingu. Hinsvegar, ef snúa á vörn í sókn til verndunar og eflingar auðlindum, er þörf á breyttum starfsháttum og nýjum hugsunarhætti. Íslendingar hafa að mörgu leyti forskot á aðrar þjóðir í umhverfismálum, ekki síst hvað snertir ímynd landsins. Það er íslenskri ferðaþjónustu lífsnauðsynlegt að Ísland standi undir þeirri ímynd.

Hér hefur verið leitast við að kynna flesta þætti hugmyndafræði sjálfbærrar ferðaþjónustu / ferðamennsku, kosti og galla. Á það skal þó bent að gera þarf mun ítarlegri úttekt á hugmynda- og aðferðafræði sjálfbærra ferðamála. Málafnið er viðamiknið og þarfnast umræðu og umfjöllunar allrar atvinnugreinarinnar í sameiningu. Í þessari greinargerð eru settar fram staðreyndir, hugmyndir og áherslatriði sem setja þarf í víðara samhengi og ræða á opinskáan hátt. Það er mjög mikilvægt að slík umræða fari af stað og það er ótvírætt hlutverk yfirvalda að hafa forgöngu um slíkt.

Því skal ekki heldur gleyma að umhverfisvitund almennings hefur aukist og krafan um umhverfisvæna starfshætti fyrirtækja eykst sífellt. Það má því vera að á næstu árum sjái þjónustuaðilar sig knúna til að breyta starfsháttum sínum til umhverfisvænni vegar m.a. vegna þrýstings frá neytendum. En biðin eftir aðgerðum getur orðið dýrkeypt. Yfiröldum ferðamála ber skylda til að láta sig varða viðhald á auðlindum ferðaþjónustunnar og stýra nýtingu þeirra og þróun á skipulegan hátt.

3.2 Skilgreiningar

Hugmyndafræðin sem hér er til umfjöllunar hefur komið fram á sjónarsvið ferðaþjónustu í ýmsum myndum. Hugtök sem sett hafa verið fram eru mörg og engin ein skilgreining festis í sessi. Þau hugtök sem við er að glíma eru m.a. eftirfarandi:

Hugtök á ensku	Hugtök á íslensku
Sustainable	sjálfbær ferðamennska / ferðaþjónusta/ferðamál
Eco-tourism	vistvæn/visthæf - " -
Environmental tourism	umhverfis - " -
Environmentally sensitive tourism	umhverfisvæn - " -
Green tourism	græn - " -
Alternative tourism	öðruvísi - " -
Soft tourism	mjúk - " -
Responsible tourism	ábyrg - " -
Adventure tourism	ævintýra - " -

Engin ein skilgreining nær yfir öll þessi hugtök, en öll byggja þau á sömu hugmyndafræðinni. Hugtökunum er stillt upp sem valmöguleikum í þróun ferðamála og sem mótvægi við ferðamennsku og uppbyggingu ferðaþjónustu, sem hefur neikvæð áhrif á menningarlegt, umhverfislegt, félagslegt og náttúrulegt umhverfi. Markmiðið er að vernda, viðhalda og byggja upp auðlindir ferðaþjónustu í nútíð og framtíð. Byggja upp "öðruvísi" ferðaþjónustu en hin hefðbundna form pakkaferða og fjöldaferðamennsku, draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi ferðaþjónustu og efla jákvæð áhrif.

Þjóðir sem tekið hafa hugmyndafræði þessa upp á arma sína hafa valið sér hugtak til að vinna með. Margar Evrópuþjóðir hafa valið sér hugtakið sjálfbær ferðamál, Bandaríkjamenn, Norðurlandabúar og Ástralir kjósa vistvæn ferðamál. Enn aðrir telja hugtökun óþörf og telja að nóg sé að leggja áherslu á aukna umhverfisvitund almennings án þess að skýra það ákveðnu nafni. Enn vantar góða þýðingu á íslensku.

Til að nefna hugmyndafræðina einhverju nafni verður hér í þessari greinagerð gengið út frá hugtakinu sjálfbær ferðamál. Sjálfbær ferðamál er víðtækasta hugtakið og getur vel falið í sér önnur hugtök sem um ræðir. Vistvæn ferðamál verða einnig fyrirferðarmikil en þó í þengri merkingu. Vistvæn ferðamennska er hugtak sem notað hefur verið um sértækan markað ferðamanna sem aðhyllist svokallaðar "náttúruferðir".

3.3 Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunnar

3.3.1 Nokkrar staðreyndir

Á nokkrum áratugum hefur ferðamennska í heiminum vaxið gífurlega og gerir enn. Á árunum 1972 - 1992 varð 300% aukning í ferðaþjónustu í heiminum. Um 80% allra ferðamanna í heiminum eru Vesturlandabúar og því á stór hluti mannkyns enn eftir að bætast við. Íbúar Austurlanda eru smám saman að byrja að ferðast, áætlað er að í Japan aukist fjöldi þeirra sem ferðast til útlanda um 15% árlega. Þjóðfélagsbreytingar í Austur- Evrópu munu enn frekar auka straum ferðamanna um heiminn. Alþjóðlega ferðamálaráðið (WTO) bendir á að fjöldi fólks, sem ferðast utan síns heimalands hafi nær tvítugfaldast frá 1950. Spáð er að aukningin verði 3-7% á ári til ársins 2000.

Á Íslandi hefur erlendum ferðamönnum fjölgað að meðtali um 7,7% á ári sl. 10 ár. Árið 1984 komu til Íslands 85.190 erlendir ferðamenn. Árið 1994 voru þeir orðnir 179,241, auk 17.662 ferðamanna sem komu til Íslands með skemmtiferðaskipum. Fjöldi erlendra ferðamanna tvöfaldaðist á 10 ára tímabili. Á árinu 1997 komu til Íslands 201.654 erlendir ferðamenn með skipum og flugvélum. Stefnt er að 6 % aukningu í fjölda erlendra ferðamanna á Íslandi til ársins 2000.

Spáð er og stefnt að stöðugt auknu flæði ferðamanna milli landa. Það er hinn mikli þungi fjöldans sem ræður mestu um áhrifin á náttúrulegt umhverfi, þjóðfélagslega þróun og menningu áfangastaða víða um heim. Skorti skipulag og stjórnun að auki er hætt við að atvinnugreinin grafi undan eigin tilveru. Ferðaþjónusta í heiminum hefur að nokkru brugðist við þeim aðstæðum sem upp eru komnar. Á ráðstefnu í Haag 1989 samþykkti Alþjóðlega ferðamálaráðið (WTO) ályktun þess efnis að snúa yrði þróuninni við. Nú þyrfti að forgangsraða verkefnum og móta aðgerðaráætlanir á sviði ferðaþjónustu. Taka yrði mið af álagspoli áfangastaða, stjórna uppbyggingu skipulega og miða að verndun náttúrulegs umhverfis og samfélaga áfangastaða.

Ferðamenn hafa einnig sett fram kröfur um breytta stjórnunarhætti. Hærra menntunarstig, aukin ferðareynsla og vaxandi umhverfisvitund hefur leitt til krafa um umhverfisvænni starfshætti ferðaþjónustuaðila. Talið er að hlutfall vistvænna ferðamanna vaxi um 30% að meðtali að ári í Bandaríkjunum einum saman. Sá markaður einn og sér er talinn mjög arðvænlegur en á sama tíma erfiður. Gerðar eru kröfur um ábyrga og sérhæfða viðskiptahætti sem byggja á hugmyndafræði sjálfbærrar ferðamennsku. Aðrir ferðamenn gera vaxandi kröfur um umhverfisvæna starfshætti þjónustuaðila s.s. gististaða og ferðaskipuleggjenda.

Í markaðsstefndum heimi eykst vald neytandans stöðugt og leiða má að því líkur að á næstu árum verði mikil breyting í umhverfismálum ferðaþjónustufyrirtækja og á ferðamannastöðum. Krafan um ferðalög sem ekki hafa neikvæð áhrif á áfangastaði mun styrkjast og halda áfram að þrýsta á fyrirtæki að taka upp umhverfisvænni starfsaðferðir. Í auknum mæli munu ferðamenn framtíðarinnar forðast staði sem bera þess merki að illa hafi verið staðið að skipulagningu, staði sem eru yfirfullir af fólki, eða eiga við menningarleg, félagsleg og umhverfisleg vandamál að stríða.

3.3.2 Hugmyndafræðin í hnotskurn

Hugmyndafræði sjálfbærrar ferðaþjónustu byggist á þeirri grundvallarsýn að ferðaþjónusta sem atvinnugrein, grafi ekki undan eigin tilveru með óábyrgri uppbyggingu og skipulagi. Nauðsynlegt er að tengja viðskiptahagsmuni verndun þeirra auðlinda sem byggt er á. Til lengri tíma ætti slíkt að vera hagsmunamál allra, niðurníðsla auðlinda gefur ekki arð.

Uppbygging sjálfbærrar ferðaþjónustu snýr að þeim sem starfa í atvinnugreininni, ferðamönnum sjálfum og heimamönnum áfangastaða. Áhersla er lögð á aukna ábyrgð ferðamanna, ferðaskipuleggjenda, stjórnvalda og heimamanna í umgengni þeirra við auðlindir. Sjálfbær ferðaþjónusta boðar verndun, viðhald og uppbyggingu allra þeirra auðlinda, sem atvinnugreinin byggist á og samanstendur af, hvort sem um er að ræða náttúrulegt umhverfi, menningu og listir, manngerða afþreyingu eða efnahagslegt umhverfi. Tilgangur sjálfbærrar ferðaþjónustu er að sporna við neikvæðum áhrifum ferðaþjónustu en stuðla að og auka jákvæð áhrif.

Þjóðir sem mótað hafa stefnu í ferðamálum með áherslu á sjálfbæra þróun gera það í því augnamiði að verndun umhverfis og uppbygging ferðaþjónustu séu öfl sem á að samhæfa. Ferðaþjónustu og náttúruvernd er ekki stillt upp sem andstæðum heldur er ferðaþjónusta skilgreind sem afl til verndunar. Svo er litið á að ferðaþjónusta byggji á takmörkuðum auðlindum sem viðhalda þarf í magni og gæðum. Víða um heim hefur slíkt viðhorf ríkt í öðrum atvinnugreinum t.a.m. í sjávarútvegi og haft í för með sér takmörkun á nýtingu auðlinda. Hið sama ætti einnig að gilda um ferðaþjónustu og þannig er boðskapur sjálfbærrar þróunar. Stefnumótun ferðaþjónustu í anda sjálfbærrar þróunar ber því vott um skuldbindingu stjórnvalda og fylgi við þróun ferðamála til langframa.

Gagnrýnendur á hugmyndafræði sjálfbærrar ferðaþjónustu draga í efa að hægt verði að draga úr umferð ferðamanna og telja að sú viðleitni að selja ferðir til "ósnortinna" og "óspilltra" staða í fjarlægum löndum sé fyrst og fremst dæmi um sölutækni. "Ábyrgir" ferðamenn geti einnig orðið að miklum fjölda og skemmi því auðlindir síst minna en aðrir. Þar af leiðandi muni hugmyndafræði sem þessi ekki leysa þau vandamál sem ferðaþjónustan glímir við. Sífelld fleiri svæði opnast fyrir ferðamönnum og enn aukist úrval ferða til fjarlæggra landa. Slíkt muni fyrst og fremst leiða til enn frekari fjölgunar ferðamannastaða, og með tímanum muni sömu vandamálin koma upp á nýjum stöðum.

Markmiðið er að stuðla að breyttri umhverfisvitund og hugarfari allra þeirra sem að ferðaþjónustu koma. Réttur íbúa ferðamannastaða er virtur, leitast er við að auka efnahagslegan ávinning þeirra sem þar búa og að menningu, samfélagi og náttúrulegu umhverfi sé viðhaldið. Það er ljóst að fólk mun aldrei hætta að ferðast og að enn munu þjóðir sækja í ferðaþjónustu sem arðvænlega atvinnugrein. Fjöldi ferðamanna mun því sífelld aukast og stöðugt verður leitað nýrra ferða og áfangastaða. Að þessu leyti hafa gagnrýnendur rétt fyrir sér. Hinsvegar er ljóst, ef ekki verða breytingar í ferðamáta og viðhorfi til ferðamála almennt, að ferðamennska mun grafa undan eigin tilveru. Eftirfarandi ummæli gefa góða mynd af þeim vanda, sem við er að etja:

"The ecotourist will never become a permanent and a full member of nature. By definition he will always return to society...However, it will probably change both the tourist and society in the process, in the direction of a more critical and demanding perspective on both "nature" and "society". The question is only whether nature will last in sustainable condition to fulfill the "educational" task?" (Tonboe, 1994, Ökoturisme i Norden, bls 19).

3.4 Helstu hugtök og áherslupunktur "sjálfbærra" og "vistvænna" ferðamála:

- "Lausn" ferðamálayfirvalda við neikvæðum áhrifum ferðaþjónustu m.a. vegna þrýstings náttúruverndarsinna og neytenda. Andsvar við neikvæðum áhrifum fjöldaferðamennsku, leitast er við að ferðamennska og ferðaþjónusta hafi jákvæð áhrif á náttúrulegt-, menningarlegt-, félagslegt- og efnahagslegt umhverfi ferðamannastaða.
- Aðferðafræði við stjórnun og skipulag. Viðurkennt að sjálfbær ferðamennska/þjónusta er ekki allsherjarlausn við vanda ferðaþjónustunnar í heiminum en viðleitni til skipulegra vinnubragða.
- Litið á uppbyggingu ferðaþjónustu sem afl til verndunar auðlinda. Vaxandi markaður "umhverfisvænna" ferðamanna leggur grunn að efnahagslegum ávinningi af umhverfisvernd.
- Aðferðafræði sjálfbærrar ferðaþjónustu beinist að ferðamönnum, ferðaskipuleggjendum, heimamönnum, yfirvöldum. Lögð er áhersla á fræðslu og ábyrgð á öllum sviðum "umhverfismála".
- Veita verður upplýsingar og stuðla að fræðslu gesta um viðkomandi svæði.
- Ferðamennska á svæðinu verður að stuðla að viðhaldi menningar og náttúrulegs umhverfis auk þess sem hagnaður af ferðaþjónustu komi fram í efnahagskerfi viðkomandi svæðis m.a. með því að ráða starfsfólk af viðkomandi svæði.
- Ferðamaður er gestur á ferðamannastað. Áhersla er lögð á ábyrgð ferðamannsins á eigin gerðum.
- Lögð áhersla á samband gestsins, staðarins sjálfs og heimafólks. Ferðaþjónusta skal þróa í samvinnu við heimafólk og samkvæmt vilja þess. Þannig má koma í veg fyrir neikvætt viðhorf heimamanna til ferðafólks. Borin er virðing fyrir mismunandi afstöðu heimamanna til ferðaþjónustu því "ferðamannastaðurinn" er heimili þeirra.
- Taka þarf mið af álagspoli ferðamannastaða við skipulagningu og uppbyggingu. Leitast verður við að ná jafnari dreifingu ferðamanna á landssvæði og breiðara framboði þjónustu.
- Umhverfi vísar til efnahagslegs, félagslegs, menningarlegs og náttúrulegs umhverfis.
- Uppbygging ferðaþjónustu skal vera hluti af heildarskipulagi landssvæða.

- Uppbygging mannvirkja eða áætlanir um ferðamennsku á landssvæðum skal taka mið af möguleikum svæðisins til sjálfbærrar þróunar. Meta skal umhverfisáhrif slíkra verkefna og álagsþol viðkomandi svæðis.
- Tekið er á landslags- og náttúruvernd, orkunotkun, sorp- og fráveitumálum, umbúðanotkun, hreinlætis- og hollustuháttum, fræðslu og samskiptum gests og gestgjafa.

3.5 Grundvallarmunur sjálfbærrar og ósjálfbærrar ferðaþjónustu

Í eftirfarandi töflu er leitast við að draga fram ítrustu skilgreiningar til að varpa ljósi á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Ef íslensk ferðaþjónusta er skoðuð í þessu samhengi er ljóst að þar er að finna sambland af hvorutveggja.

ÓSJÁLFBÆR FERÐAÞJÓNUSTA

Hröð og ójöfn þróun
Ónærgætin/árásargjörn hegðun

Stjórn- og stefnulaus
Vöxtur án takmarka
Skammtímaviðhorf
Þröngt viðhorf og fjarlæg stjórnun
Magnbundin
Gróðasjónarmið
Óþjálfað vinnuafli
Engin framfaraáætlun
Hörð sölumennska
Auglýsingaslagorð
Ferðaþjónusta á að bjarga efnahagslífinu.

SJÁLFBÆR FERÐAÞJÓNUSTA

Hæg og jöfn þróun
Varfærin og nærgætin gagnvart samfélagi og náttúrulegu umhverfi
Er stjórnað samkvæmt stefnu
Í smærri stíl
Langtímaviðhorf
Heildræn sýn og stjórnun í héraði
Gæðabundin
Verðmætasjónarmið
Sífelld menntun og þjálfun starfsfólks
Framfaraáætlun
Ráðleggingarþjónusta
Upplýsingar og fræðsla til ferðamanna
Ferðaþjónusta valkostur, sóst eftir blönduðu atvinnu og efnahagslífi

Krippendorf (1992)

Þýðing Jóhanna B. Magnúsdóttir (1995)

5 Framkvæmdaáætlun

Stefnumótun

“ Ferðapjónusta í anda sjálfbærrar þróunar verði eflað, þannig að hér á landi verði rekin ferðamennska í sátt við land og þjóð. Stefnt skal að því að Ísland gegni forystuhlutverki á sviði umhverfisverndar. Tryggður verði friðs aðgangur ferðamanna að öllu landinu en þess jafnframt gætt að rekstur og uppbygging á ferðamannastöðum spili ekki náttúru landsins og umhverfi og að ferðamenn dreifist um landið til að minnka álag á einstaka staði. “

Markmið 1

Ísland nái sérstöðu á sviði umhverfismála

Leiðir	Aðgerðir	Framkvæmdaaðili	Tímamörk
1,1 Skipulega skal vinna að því að markaðssefja landið sem hreint og ómengað ferðamannaland.	1,1,1 Ljóst er að meirihluti þeirra ferðamanna er sækir Ísland heim eru náttúruvinnendur í leit að hreinri ónortinni náttúru. Ein leið til þess að kynna erlendum ferðamönnum trúverðugleika þessarar staðreyndar er að sýna fram á að af hreinu ómengduð landi koma hreinar hollar afurðir. Með vottun á framleiðsluferðum lands og sjávar svo og ferðapjónustunnar væri unnt að skapa landinu áhrifamikil vörumerki hreinleika og ónortinnar náttúru sem styrkja myndi stöðu landsins á erlendum mörkuðum svo og opna leiðir inn á ný markaðssvæði.	Samgönguáráðherra skipi nefnd með fulltrúum atvinnulífsins sem verði falln yfirumsjón með framkvæmdinni.	Niðurstæða liggja fyrir í síðasta lagi árið 2000.
	Harfst verði handa við að kanna áhuga á hönnun vörumerkis. Nefnd skipuð fulltrúum atvinnulífsins og ýmissa stofnana komi saman og ræði möguleika á að sameina hagsmuni atvinnulífsins í hönnun vörumerkis.		
	Mælt er með að ótágreind hugmynd verði skoðuð í tengslum við markaðsáætlun markaðshöps.		
	1,1,2 Naudsýnlegt er að styrkja mynd landsins á sviði umhverfisverndar. Kynna þarf sérstöðu þjóðarinnar á sviði umhverfismála þ.e. að hvaða leyti við höfum lagt okkur fram við umhverfis- og náttúruvernd. Dæmi: Verndun fiskistofna sem þáttur í sjálfbærni nýtingu audlinda, endurnýjanlegar vistvænar orkulindir, árangur í landgræðslu og skógrækt, aðlögun þjóðarinnar að náttúruöflunum o.s.fv. Sjá grein 2,1,4.		

Markmið 2

Ferðamennska verði nýtt sem aft til verraðunar auðlindum og viðhalds náttúrlegru umhverfi.
Einnig verði menning og arfleifð þjóðarinnar nýtt á arðvænlegan hátt.

Leiðir	Aðgerðir	Framkvæmdaðið	Tímamörk
<p>2.1 Skipaður verði vinnuhópur sem beiti sér fyrir því að auðlindir ferðabjónustunnar verði skilgreindar og kortlagðar, jafn náttúrlegar sem menningarlegar. Gerðar verði rannsóknir á stöðu þeirra með tilliti til jákvæðra og neikvæðra áhrifa.</p>	<p>2.1,1 Skipað verði verkefnaströng sem hefur það að markmiði að kortleggja landið út frá: <ul style="list-style-type: none"> • sérstöðu hvers landshluta með tilliti til auðlinda ferðabjónustunnar • aðgengi og grunngerð (infra struktur) sbr. glistírymi og þjónustu við ferðamenn á hverju svæði • dreifingu ferðamanna um svæðið eftir árstíma og tekjur af ferðamönnum • áhrifum ferðabjónustu -neikvæðum, jákvæðum - á umhverfi, menningu og náttúrur svæðisins • möguleikum svæðisins náttúru- og menningartengdum til eflingar ferðabjónustu í héraðinu </p>	<p>Ferðamálaráð skipi verkefnaströngina sem hefur utan um verkefnið og leitlar eftir utanaðkomandi sérfræðipökkingu eftir því sem þörf krefst. Stuðst verði við þær kannanir og rannsóknirferðabjónustur sem þegar liggja fyrir við vinnuna og upplýsingum safnað í gegnum nýjar kannanir í samvinnu við heimamenn hvers svæðis. Leiðað verði eftir styrkjum frá sveitastjórnunum, Bygðastjórnun, Náttúruvernd ríkisins, Ferðamálaráði og öðrum.</p>	<p>Niðurstöður liggja fyrir í lok næsta árs, 1999.</p>
<p>2.1,2 Í kjölfar niðurstöðu ofangreinds vinnuhóps verði liðið til samræmingar bækinga og kynningarnefis hvers landshluta. Lögð verði aukin áhersla á að draga fram sérstöðu hvers svæðis og gera náttúruvinnu, vistkerfi og menningu sérstök skil. Bæklingarnir myndu eftir sem dóur þjónna þeim meginligangi að fræða ferðamenn um umhverfismál og náttúrur hvers svæðis og hveija til bættar umgengni við náttúruna.</p>	<p>Bæklingum þessum verði ekki ætlað að vera upptalning á þjónustu eða auglýsingar um þjónustu heldur fyrst og fremst að vera liður í að auka umhverfsvitund ferðamanna, vekja athygli á hreinleika náttúrunnar og sérstæðri menningu ásamt því að bæta ámynd þjóðarinnar í umhverfismálum.</p>	<p>Skrifstofa Ferðamálaráðs hafi umsjón með gerð slíkra bækinga í samvinnu við Umhverfisstjórnuneyti og landshlutastjórn ferðabjónustu. Leiðað verði til fagfróks varðandi efnisstök en brynt sé að ákveðinnar samræmingar sé gætt varðandi útlit og innlak bækinganna.</p>	<p>Árið 2000 verði slíkir bækingar komnir út a.m.k. fyrir öll kjör-daemi.</p>
<p>Jafnframt er bent á að slíkir bækingar geta verið mikilvægt tæki til að markaðssetja Ísland sem áfangastað ferðamanna sem leita exótískrar náttúru og hreinleika. Mælt er með því að markaðshópur taki þessa hugmynd til greina sem lið í markaðs- og kynningaráttaki.</p>	<p>Kennningar vistvænnar ferðamennsku verði hafðar að leiðarlósi við gerð bækinganna.</p>	<p>Leiðað verði eftir styrkjum til verkefnisins m.a. frá Umhverfisstjórnuneytinu.</p>	

Leiðir	Aðgerðir	Frankvæmdaðili	Tímamörk
	<p>2.1.3 Upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn gegna mikilvægu hlutverki í ferðabjónustu. Fiðldi ferðamanna sækir þessa staði heim og því ber að nýta þá betur til að auka umhverfisvitund fólks og koma hreinni sérsætðri nátturu landsins betur á framfæri við ferðamenn. A fjölsöfnu ferðamannastöðunum verði þessar upplýsingamiðstöðvar jafnframt nýttar sem miðstöðvar fræðslu þar sem fóru og fánú, jarðfræði og líffræði, sögu og menningu viðkomandi svæðis séu gerð skil á lífandi hátt. Mikilvægt er að vera í samstarfi við Náttúruvernd ríkisins varðandi fræðslumiðstöðvar eða gestastofur eins og þá sem þegar hefur lítið dagsins ljós við Myvatn við göðar undirtektr ferðamanna.</p> <p>Efling upplýsingamiðstöðva með ofangreint í huga gæti haldist í hendur við gerð upplýsingabæklinganna sbr. grein 2. 1. 2.</p>	<p>Ferðamálaráð hveiji heimamenn til þess að nýta upplýsingamiðstöðvar fyrir lífandi fræðslu um svæðin í forni fyrirlestra, myndasýninga og skýringarmyndar um jarðfræði, fóru og fánú svæðanna.</p>	<p>Þróunarverkefni til næstu tveggja ára</p>
	<p>2.1.4 Nýta þarf menningararfleifð okkar til nýrra teakifæra í uppbyggingu alþreyningar innan ferðabjónustunnar.</p> <p>Daemi: Strandmenning, fiskvinnsla, slómennska, verubúalíf, líf í litlu sjávarplássu, skipasmíðar, bændamening, iðnaður, borgarmening o.fl.</p> <ul style="list-style-type: none"> Nýta þarf söfn á landsbyggðinni betur til að bregða ljósi á atvinnulíf fyrir og nú. Sýna til hvers munirir í glerborðum sahnanna voru nýttir. Koma á lífandi sýningum. Sbr. mætti nýta skipasmíðastöðvar til að bregða ljósi á sögu þliskipauðgerðar. Hið sama glidur um byggðasöfn - þar sem gera bætti sögu landúnaðar sýnilegru með lífandi hætti. Líf í íslenskum sjávarplássum er aðrattarafl út af fyrir sig fyrir erlenda ferðamenn. Hveija þarf heimamenn til að góðrtr bjónustu við erlenda gesti, bjóða t.d. gislingu, mat eða kaffi. Veita ferðamanninum snertingu við það líf sem tengist slómennsku og úterð. Hveija bændur til þess að opna bæi sína enn frekar til að kynna ferðamönnun íslenskan búskapa. Kynna búskaparþætti fyrir og nú. Nýta gömul hús til þess að koma upp gisti- eða veitingaáðstöðu í þjóðlegum stíl - t.d. eins og bæstofur voru, með kvöldvökum, þjóðsagnakvöldum, þjóðdönsunum og íslenskum mat. Kynna þarf íslenskan iðnað ferðamönnunum. Fiskvinnsla er víðast ekki aðengileg ferðamönnunum eins og stendur. Hveija þarf fiskvinnslufyrirtæki til samvinnu við ferðabjónustuaðila. Landsvirkjun þeiti sér fyrir því að virkjanir verði opnar ferðamönnunum til þess að kynna þeim hvernig hin vistvæna orka landsins skapar grundvöll fyrir iðnað í landinu. Sérstök áhersla verði lögð á að kynna matvælaíðnað, yfirækt, fiskurkun, fiskvinnslu, timburkun o.fl. Ýmsir ónyttir möguleikar fyrir ferðabjónustu felast í borgarmeningunni. Þar mætti nefna t.d. heimssókn í skóla, sjúkrahús, námskeiðahald t.d. íslensk tunga, bókmenntir, matargerð o.fl. 	<p>Samgönguráðherra í samstarfi við Ferðamálaráð.</p> <p>Sótt verði um styrki til verkefnisins hjá Rannsóknarráði Íslands, Atvinnuþróunarsjóði, Bygðastofnun og til hagsmunaaðila atvinnuveganna á hverju svæði.</p>	<p>Verkefnið hefjist á árinu 1998 og ljúkt eigi síðar en í árslok 1999.</p>

Leiðir	Aðgerðir	Framkvæmdaáðili	Tímamörk
<p>2.2 Stórauka þarf fræðslu og upplýsingar um samspil ferðamennsku og umhverfis, verndun og uppbyggingu á náttúrulegum auðlindum og veita upplýsingar um ástand mála í þessum efnum.</p>	<p>2.2.1 Hér er um tvíþætt verkefni að ræða.</p> <ul style="list-style-type: none"> Miðlun upplýsinga og skipulega fræðslu að ræða inn á víð, þ.e. til þeirra er veita ferðamönnum þjónustu hér á landi, obinberra stofnana er koma að ferðþjónustu en einnig landeigenda, landvarða og skipuleggjenda þjóðgarða og annarra útivistarsvæða. Upplýsingar og fræðslu er snú að gestum. <p>Við efnistök skal tekið mið af eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> Sjálfbær ferðamennska, skilgreiningar og hugtök. Þróun, framkvæmd og sýnilegur árangur hvað varðar náttúru, menningu og efnahag, dæmni tekin frá þeim löndum þar sem hvað mest reynsla er komin á málin. Sjálfbær ferðþjónusta á Íslandi. Forsendur, ávinnigur. Leiðbeiningar og gáttistær til ferðþjónustuaðila er vilja stefna að sjálfbærri þróun í rekstri. Upplýsingar um ráðgjöf hér á landi á þessu sviði. Gildi vottunar. Skilyrði sem þarf að uppfylla. Leiðir sjálfbærrar ferðamennsku til verndunar náttúrulegum- og menningarlegum auðlindum, sbr. Hvernig mæla á álagsþol lands o.s.frv. <p>Koma þarf fræðslu um sjálfbæra ferðamennsku inn í allar fræðslustofnanir ferðþjónustu. Kanna möguleika á þátttöku Endurmenntunarstofnunar Háskólans á endurmenntun fyrir starfsfólk í ferðþjónustu þar sem megináhersla sé lögð á umhverfisfræðslu og sjálfbæra ferðamennsku.</p> <p>Hvað varðar upplýsingar og fræðslu til gesta er vísað í grein 2.1.2. um gerð landslutaþæklinga fyrir ferðamenn. Þar verði lögð áhersla á að efla umhverfissvifund gestsins og hvetja hann til þátttöku í verndun náttúru, umhverfis og menningar.</p> <p>Jafnframt verði upplýsingamiðstöðvar nýttar betur í upplýsingamiðlun um samspil umhverfis og náttúru, sbr. líó 2.1.3.</p> <p>Aukin fræðsla verði veitt til ferðamanna á fríðlystum svæðum og í þjóðgjörðum t.d. með áþendingum um umgengni, merkingum og upplýsingum um sérkenni í náttúrari sem ber að vernda.</p> <ul style="list-style-type: none"> Gera þarf gagnabanka yfir fríðlyst svæði og náttúruninjar í samvinnu við Náttúruvernd ríkisins. 	<p>Málið heyrir undir tvö ráðuneyti, samgöngu- og umhverfisráðuneyti. Ferðamálaráði verði falið að annast forgöngu um útgáfu kynningarefnis - eins konar fréttabréfs um sjálfbæra ferðamennsku er snyr að fræðslu inn á víð.</p>	<p>Vinna á kynningarriti / fréttabréfi til ferðþjónustuaðila hefjist í byrjun ársins og ljúki fyrir árslok 1998. Vísað í 2.1.2. varðandi tímamörk á bæklingagerð.</p>

Leiðir	Aðgerðir	Framkvæmdaáðili	Tímamörk
<p>2.3 Stjórnvöld hafi eftirlit með skipulagi og uppbyggingu ferðamannastaða.</p>	<p>2.3.1 Í nýjum skipulags- og byggingalögum sem tóku gildi 1. janúar 1998 er kveðið á um hlutverk stjórnvalda og sveitarfélaga gagnvart framkvæmdum á ferðamannastöðum.</p>		
<p>2.4 Með rannsóknarverkefnum sem tengjast náttúruvernd og álagi á ferðamannastaði, sem ná yfir ákveðin tímabil, verði hægt að fylgjast með því hvort atvinnugreinin sé á réttu leið í uppbyggingu þeirra og umhverfisvernd.</p>	<p>2.4.1 Nýta þarf betur upplýsingar um fjölda ferðamanna, þjóðerni og dvalartíma sem safnað er af landvörðum, þjóðgarðsvörðum og á gistsstöðum. Þannig er hægt að gera sér betur grein fyrir dreifingu ferðamanna um landið. Jafnframt þarf að virkja fleiri aðila í ferðapjónustu til skráningarskyldu þar sem því verður við komið. T.d. mætti virkja leiðsögumenn til starfs.</p> <p>I framhaldi af þessu verður hægt að meta álagspól lands innan þjóðgarða og fríðlystra svæða til að koma í veg fyrir náttúruskemmdir af völdum of mikils álags.</p> <p>Álagspól lands er ákvarðað með tilliti til ýmissa þátta, s.s. samsetningar jarðvegs, náttúrufars og ýmissa landslagsþátta. Síðan er reiknað út hve marga gesti ákveðið afmarkað svæði getur tekið á mót á hverjum tíma. Þannig hefur þjóðgöðrum í Þýskalandi t.d. verið skipt upp í ákveðin svæði eftir því hvert þol hvers svæðis er.</p>	<p>Ferðamálaráð hefur ráðið sérstakan starfsmann til að sinna rannsóknum í ferðapjónustu. Lögð er áhersla á samvinnu við Náttúruvernd Íslands í þessu verkefni. Starfsmaður Ferðamálaráðs sjái jafnframt til þess að upplýsingar og niðurstöður rannsókna berist aðilum er starfa að ferðapjónustu jafnðóum.</p>	<p>Brynt er að verkefnið hefjist sem fyrst. Upplýsingarnar sem markvissst verður safnað geta nýst fjölmörgum innan atvinnugreinarnar. Verkefnið verði þróunarverkefni til næstu fimm ára. Á þeim tíma ætti að vera unnt að fá heildarmynd af dreifingu ferðamanna til grundvallar álagspóis-útreikningum.</p>

Markmið 3

Stuðla að fræðslu um umgengni við náttúru landsins og hvefja til aukinnar ábyrgðar og umhverfsvitundar ferdamanna, skipuleggjenda og starfsfólks í ferðapjónustu.

Leiðir	Aðgerðir	Framkvæmdaðili	Tímamörk
<p>3,1 Ferðapjónusta á Íslandi taki forystu á sviði umhverfismála og verði þórum atvinnugreinum fyrirmynd. Til að stuðla að breyttu hugarfarum almennings og innan atvinnugreinarinnar skal, á árinu 1997 skipuleggja og standa fyrir varanlegu "þjóðarátaki í umhverfissvæmi" í tengslum við ferðapjónustu með viðtæki þátttöku fyrirtækja og stofnana.</p>	<p>3,1,1 Ekki þykir raunhæft að tala um þjóðarátak í umhverfismálum á þessu stigi málsins. Til þess að unnt sé að breyta viðhorfi almennings, fyrirtækja og stofnana til umhverfissvæmjar þarf að koma til markviss fræðsla og samvinna innan atvinnugreinarinnar. Visað er til greinar 2.2.1. þar sem gerðar eru tillögur um markvissa fræðslu um þessi mál til ferðapjónustufólks og ferdamanna sjálftá.</p>	<p>Nauðsynlegt er að til komi samstarf margra aðila, s.s. HÍ, HA, MK, Iðntæknistofnunar, Garðyrkjustofna ríkisins, Bændaskóla, Fræðsluráðs hótel- og veitingagreina, Náttúruverndar ríkisins og Ferðamálaráðs. MK hafi framkvæði í mótlun fræðslustarfsins. Visað er í grein 2.2.1.</p>	
<p>3,2 Auka þarf umhverfisfræðslu til almennings á Íslandi. Geta skal út bækling með "umhverfisreglum" á íslensku og erlendum tungumálum og dreifa honum markviss meðal Íslendinga og gesta í landinu. Í bæklingi þessum skal einnig tekið tillit til hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Fyrsta útgáfa skal koma út árið 1997.</p>	<p>3,2,1 Séð verði til þess að enginn fari í gegnum skólakerfið án þess að fá nauðsynlega umhverfisfræðslu. Í allri umræðu um umhverfismál er áhersla lögð á ábyrgð hvers einstaklings. Í framkvæmdaáætlun um sjálfbærra þróun í íslensku samfélagi er gert ráð fyrir að skipað verði Umhverfisfræðsluráð. Lögð verði áhersla á að slíkt ráð leggi drög að nýju samræmdum námsferni um umhverfisfræðslu í skólum. Jafnframt verði lögð áhersla á gerð heimildamynda, heimildabáta og greinaskrif í fjölmiðlum til þess að fræða almenning um umhverfismál. Byrni er að ferðapjónustan eigi fulltrúa í Umhverfisfræðsluráði.</p>	<p>Framkvæmd þessi heyrir undir ráðuneyti menntamála, umhverfismála og samgöngumála.</p>	
	<p>3,2,2 Vardandi bæklingagerð um umhverfisreglur er visað til greinar 2.2.1.</p>		

Markmið 4

Samþætta ferðaþjónustu og náttúruvernd. Við skipulagningu á dreifingu ferðamanna milli áhugaverðra staða verði náttúruverndarsjónarmið í heildri höfð.

Leiðir	Aðgerðir	Framkvæmdaaðili	Tímamörk
<p>4,1 Vegakerfið verði bætt svo auðveldara verði að dreifa ferðamönnum á milli áhugaverðra staða. Í samráði við Vegagerðina verði skilgreint hvar meginvegir muni liggja í framtíðinni. Vegir þjóni sem best hagsmunum vegfarandans, falli sem best að landinu og valdi sem minnstum umhverfisspjöllum.</p>	<p>4,1,1 Hagsmunir ferðaþjónustunnar til framtíðar verði hafðir í huga við gerð svæðisskipulags og í svæðisbundnum áættunum Byggingastofnunar. Við ákvarðanatöku um lagningu og umbætur vega verði þörf ferðaþjónustunnar metin til jafns við aðrar atvinnugreinar. Hraður vöxtur ferðaþjónustunnar kallar á betra aðgengi að ferðamannastöðum. Horft verði til langtímaskipulagningar vegafframkvæmda með þarfr ferðaþjónustu í huga.</p>	Samgönguráðuneytið	
<p>4,2 Samgönguráðuneytið hafi forgöngu um gerð framkvæmdaáætlanar til fjögurra ára um forvarnargerðir vegna umferðar ferðamanna og úrbætur á ferðamannastöðum.</p>	<p>4,2,1 Ferðamálaráð haldi áfram góðu samstarfi við ýmsa aðila við að hindra í framkvæmd tillögum verkefnasjómar í umhverfismálum frá 1995.</p> <p>Nýja skal upplýsingar frá verkefnisjóm Samgönguráðuneytisins frá 1995 svo og niðurstöður rannsóknna Ferðamálaráðs sbr. grein 2. 4. 1. Hér að ofan. Í ljósi þess hve vel hefur gengið að framtýgja þeim tillögum um úrbætur sem ofangreind verkefnisjóm lagði fram er mælt með því að viðhalda þessu fyrirkomulagi. Skipuð verði nefnd er vinni framkvæmdaáætlun til fimm ára frá 2000 til 2005, þar sem tekið verði mið af eftirfarandi þáttum:</p> <ul style="list-style-type: none"> Landinu verði skipt í afmörkuð aðgerðasvæði út frá fjölda ferðamanna, náttúrufari og landslagsþáttum og núverandi grunngerð "Infra struktúr" á svæðunum. Aðgerðum verði forgangsraðað eftir ástandsmati á hverju svæði, þ.e. hvar brynast er að hefjast handa við úrbætur. Tillögur verði gerðar um göngustígagerð, göngubryr, snyrtiaðstöðu, rofþrær, valnsóflun, veggambætur, bílastæði, merkingar, sorphirðu og uppgræðslu á svæðunum. Þarfr faltaðra ferðamanna verði hafðar í huga við áættlanagerð. Við hönnun mannvirkja, göngustígagerð og merkingar verði tekið mið af kenningum grænnar, göngustígagerð og merkningar verði tekið áhersla lögð á að mannvirki og skilti falli sem best að umhverfi og landslagi. <p>Nefnin stýðjist við fyrirliggjandi niðurstöður rannsókna og upplýsinga um ástand á helstu ferðamannastöðum</p> <p>Nýja skal upplýsingabanka Hagstofunnar og Náttúruverndar ríkisins sbr. grein um dreifingu ferðamanna við áættlanagerð um úrbætur á ferðamannastöðum.</p>	<p>Samgönguráðuneyti í samvinnu við umhverfissráðuneyti skipi nefndina sem í síju m.a. fulltrúar Ferðamálaráðs, Vegagerðar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Skipulags ríkisins, Landgræðslu ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.</p>	<p>Nefndin hefi störf á þessu ári og stæmt verði að verklokum á næsta ári.</p>

Markmið 5

Framkvæmd laga og reglugerða um umhverfisvernd og umgengni við landið verði virk og nýjar reglur settar ef þörf krefur.

Leiðir

Aðgerðir

Framkvæmdaðið

Tímamörk

5.1 Stjórnvöld hafi förgöngu um að selja skýrari reglur um umferð vélknúinna ökutækja, þannig að hún spilli ekki jarðvegi, gróðri og frósæli.

5.1,1 Aðsta domsvaldi á hvejum stað verði gert kleift að framfýlja lögum í sínu lögsgagnarumdæmi. Sektir fyrir akskur utan vega og allar skemmdir á náttúru verði hækkadar. Nýja mætti betur þröluferilit á háferðamannalína inni á hálendinu til þess að framfýlja þessu.

Samgönguráðuneytið og Umhverfisstjórnuneytið markl stefnu varðandi alla umferð er skaðar náttúruna s.s. vélknúin ökutækji, hrossastöð o.fl.

Haftst verði handa á þessu ári og vinnu lokið árið 1999.

5.2 Sveitarfélög geri enn frekara átak varðandi förgun úrgangs. Einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir verði hvött til að framfýlja settum reglum um meðferð og förgun úrgangs í þeim tilgangi að bæta og fegra umhverfi heimila og fyrirtækja.

5.2,1 Undirbúa þarf leiðbeiningari til einstaklinga og fyrirtækja sem gerir þeim kleift að flokka sorp og nýja t.d. lífrænan úrgang. Jafnframt þarf að útbúa fræðsluferni um hvernig endurnýta megi úrgang og annað sem til fellur. Þessar aðgerðir væru líður í því að gera landsmenn meðvitandi um eigin ábyrgð í umgengni og verndun landsins jafnframt því að draga úr sorpi.

Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstjórnuneytið í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisfrititun um allt land.

Fyrstu áætlanir líti dagsins ljós fyrir árslok 1999.

5.2,2 Hvert sveitarfélag geri umhverfisáætlun til fjögurra ára í senn. Áætlanirnar séu endurskoðaðar á tveggja ára fresti og árangur af þeim metinn. Umhverfisáætlunum sveitarfélaga sé stutt lýsing á núverandi ástandi í förgun sorps í sveitarfélaginu. Þar sem förgun er ábótavant verði gerðar raunhæfar tillögur til úrbóta með áætlunum um kostnað vegna þeirra. Umhverfisáætlanir verði kynntar íbúum sveitarfélaga og þeim fylgt eftir af umhverfisnefndum, sveitarstjórnnum og heilbrigðisfulltúum.

Markmið 6

Gott aðgengi fyrir fallaða verði sem víðast

Leiðir	Aðgerðir	Frankvændaðili	Tímamörk
6,1 Við úrbætur og uppbyggingu á ferðamannastöðum skal gert ráð fyrir fötludum ferðamönnum eðfir því sem framast er unnt.	6,1,1 Vísad í grein 4. 2. 1.		

5 Niðurlag

Í ört vaxandi samkeppni í alþjóðlegri ferðaþjónustu er haldgott að hafa sérstöðu, skara fram úr og ná þar með athygli fjöldans. Þessa sérstöðu getur íslensk ferðaþjónusta skapað sér með sterkri ímynd í umhverfismálum. Landið býr yfir ómetanlegum auðlindum til ferðaþjónustu, auðlindum sem senn verða af skornum skammti í heiminum ef svo heldur fram sem horfir. Vatn, hreinleiki náttúrunnar, hreinar hollar afurðir lands og sjávar, óendanleg víðátta og einstök menningararfleifð eru meðal þess sem Ísland stendur fyrir.

Það hljóta að vera sameiginlegir hagsmunir allra er byggja þetta land að sjá veg þess sem mestan á sviði efnahagsmála og þar líta menn til nýrra sóknarfæra s.s. ferðaþjónustu. Að sama skapi er deginum ljósara að land verður fljótt óbyggileg auðn ef ekki er þess gætt að hlúa að og vernda landgæði og lífsgæði. Sjálfbær þróun er lykillinn að því að sameina efnahagslega, félagslega og umhverfislega hagsmuni lands og þjóðar.

Gildi sjálfbærrar þróunar fyrir ferðaþjónustu þarf að verða öllum ljóst er koma að atvinnugreininni. Ábyrgð ferðamálayfirvalda er því mikil að tryggja íslenskri ferðaþjónustu brautargengi til framtíðar. Framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu felst ekki í kvótakerfi eða fjöldatakmörkunum heldur í sjálfbærri ferðaþjónustu þar sem allir fá notið og upplifað án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á því sama.

Ef mikilvægi höfuðstólsins er ekki öllum ljóst gerir atvinnugreinin smám saman út af við sjálfa sig. Höfuðstóllinn er ekki einungis náttúruleg gæði landsins, íbúarnir eru jafn mikilvægir. Sjálfbær ferðaþjónusta þarf að ná eyrum fólks og kallar því á aukna samvinnu innan atvinnugreinarinnar.

Ýmsir hafa látið gott af sér leiða í menningarmálum, nýsköpun og í þágu vísinda. Viðurkenningar eru veittar þessum aðilum sem hvatning fyrir aðra að feta í sömu fótspor, hvatning til framfara. Á sama hátt hafa ýmsar framfarir orðið í ferðaþjónustu og umhverfismálum og umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs verið ýmsum hvatning til framfara á því sviði. Hópurinn telur að jafnframt þurfi að verðlauna þau fyrirtæki eða einstaklinga sem með einhverjum hætti hafa starfað í anda sjálfbærrar þróunar. Það gæti gerst t.d. með þeim hætti að við afgreiðslu úr ýmsum sjóðum fái þau fyrirtæki eða einstaklingar frekar fyrirgreiðslu en þau sem ekkert hafa aðhafst eða hugað að framtíðinni í þessum málum.

Hvatning og bjartsýni leiða fremur til framfara en bölmóður og svartnýni. Það ætti að vera tilhlökkunarefni öllum þeim er starfa að ferðaþjónustu að geta áfram veitt öðrum hlutdeild í þeirri undraveröld náttúrunnar sem landið okkar býr yfir. Á sama hátt er það mikil áskorun að viðhalda þeirri dýrmætu auðlind til framtíðar.

6 Viðauki I.

6.1 Auðlindir skilgreindar og kortlagðar, gerðar verði rannsóknir á stöðu þeirra

6.1.1 Skilgreiningar

Auðlind: Uppspretta auðs, náttúruauðæfi, dæmi: fiskimið Íslands.

Auðlind er það sem er gagnlegt en ekki manngert.

Mannauður - menning er manngerð auðlind en hæfileikinn til að læra og sköpunargáfa sem okkur er gefin er auðlind.

Skilgreining Millers: Resource is anything we get from the environment (Earth's life-support systems) to meet our needs and desires. All forms of life need resources such as food, water and shelter for survival and good health.

6.1.2 Náttúrulegar auðlindir Íslands

- 758.000 ferkílómetrar af ríkidæmi hafsins. Um 270 tegundir sjávarfiska, mikill fjöldi innan hvers stofns.
- Vatnsforði bundinn í jöklum - mikil úrkoma.
- Hreint grunnvatn - m.a. vegna samsetningar jarðvegs.
- Náttúrulegar orkulindir - jarðhiti 200 Terawattstundir í 100 ár – 20 Terawattstundir til framleiðslu raforku, fallvötn - tæknilega virkjanlegt 64 Twstundir.
- Ósnortin víðerni - um 49% landsins, meðalhæð um 400 m.y.s. - hálendið.
- Heilnæmt og ómengað andrúmsloft.
- Lífríki í ám og vötnum - fiskgengd.
- Jarðhiti - náttúrulegir gerlar, heilsusamleg böð, brennisteinn.
- Lífríki tengt sjónum - fuglar - hvalir - jurtasvif og þörungar.
- Landrými mikið - land í mótun - 2 cm bætast við á hverju ári.
- Landfræðilegur fjölbreytileiki - lífríki.

6.1.3 Manngerðar auðlindir

- **Hugvit, þekking á sviði:**
hafrannsóknna
læknavísinda
jarðvísinda
jarðfræði
orkumála og orkunýtingar
uppgræðslu lands
umhverfisverndar
- Framúrskarandi árangur í skák og öðrum íþróttum.
- Lífrænn landbúnaður - lífræn landnýting.
- Viðleitni til umhverfisverndar.
- Verndun fiskistofna og lífríkis hafsins.
- Einstakur bókmenntaarfur.
- Rík menning - bókmenntir, listir.

6.1.4 Rannsóknir á stöðu auðlinda

Til þess að unnt verði að skapa Íslandi sérstöðu á sviði umhverfismála, er brýnt að meta stöðu okkar í umhverfismálum í samanburði við aðrar þjóðir. Mikilvægt er að sú ímynd um hreinleika landsins sem kynnt er standist væntingar ferðamanna.

Æskilegt er gerð verði heildarúttekt á stöðu okkar í umhverfismálum með samanburði við aðrar þjóðir varðandi eftirfarandi:

- Andrúmsloftið - hve hreint er það?
- Hafið umhverfis landið - hve hreint er það?
- Hvert er magn gróðurhúsalofttegunda sem fara í andrúmsloftið hér á landi, í hve miklum mæli eru lofttegundir hér ozoneyðandi? Mengun almennt.
- Magn eiturefna í landbúnaði.
- Grunnvatn sem drykkjarvatn
- Sorpeyðingar-, skólp- og frárennslismál.
- Endurnýting og flokkun sorps.
- Umhverfisfræðsla til almennings og skólabarna - í samanburði við aðra.
- Staða fyrirtækja og stofnana varðandi umhverfisvænan rekstur.
- Gildi íslenskrar umhverfisvottunar - er hún marktæk miðað við erlenda staðla.
- Sjálfbær nýting fiskistofna.
- Sjálfbær nýting orkulinda - hrein orka.

7 Viðauki II.

7.1 Sérstaða Íslands á sviði umhverfismála - styrkur í markaðssetningu

Það er ljóst að Ísland nýtur sérstöðu og sker sig úr öðrum þjóðum fyrir margra hluta sakir. Það er fyrst og fremst þessa sérstaða landsins sem er mikilvæg á markaði þar sem samkeppni landa um ferðamenn vex ört. Skapa þarf landinu sterkt vörumerki sem munað er eftir - vörumerki sem stuðlar að eflingu útflutings frá landinu og styrkir ímynd landsins sem ferðamannalands.

Eftirfarandi eru atriði sem styrkja landið á ferðamarkaði:

- **Landfræðileg lega landsins** – norðurheimskautið (“Arctic”) og allt sem honum fylgir, svo sem fuglategundir, (t.d. "the arctic tern" eða kría), miðnætursólin, birtan, sterkir litir, veðurfarsleg sérkenni - sbr. norðurljós.
Eyja umlukin Atlantshafi – eyland en þó jafnframt meginland.
Náttúruauðgi – Stiklusteinn milli stórvelda.
- **Smæð þjóðarinnar** - mikið landrymi - lítil þorp - nálgun við mannlíf - persónuleg þjónusta - rólegt, afslappað andrúmsloft.
- **Lýðræði - friðsöm þjóð** - engin herskylda, öruggt land að ferðast um.
- **Saga þjóðarinnar og náttúruaflanna - þjóð samofin náttúrunni - samstaða.**
- **Landfræðilegur og líffræðilegur fjölbreytileiki** - Á ferð um Ísland kynnist fólk jöklum og eldfjöllum, heitum goshverum, náttúrlegum böðum, jarðfræðiundrum, fossum, vötnum og lækjum. Hér eru 8 milljónir lunda og fjöldi annarra fugla, stórhveli, selir, háfjallaplöntur og mosi, ósnortin víðerni, svartir sandar og sjávarbarðar klappir. Hér má komast í tæri við stangveiði og skotveiði, litrík fiskimannþorp, íslenska hestinn, líf í sveit o. fl. Þú greiðir fyrir ferð til eyju, en kemst í snertingu við fjölbreytileika meginlands.
- **Gott og hollt fæði**, afurðir hreins, vistvæns lands, sbr. m.a fjallalamb og ferskt sjávarfang, heilsufæði o.fl.
- **Einstæð saga lítillar þjóðar** - einstakur bókmenntaarfur - miðaldahandrit.
- **Heillandi þjóðtrú og þjóðsögur.**
- **Fjölbreytt menning og listir** - leikhús, ópera, símfóníur, jazz, myndlist, höggmyndalist.
- **Sérstæðir einangraðir lifnaðarhættir** - lífsbarátta lítilla samfélaga í afskekktum fjörðum
- **Viskubrunnur vísinda og sérfræðilækkingar** - hafrannsóknir, jarðvísindi, læknavísindi, forn norræn fræði o.f.l. "upplýst ferðamennska" fræðsluferðamennska.